

## Viljayfirlýsing um heilsueflingu á vinnustöðum

Embætti landlæknis, Vinnueftirlit ríkisins og VIRK Starfsendurhæfingarsjóður lýsa hér með yfir vilja um samstarf varðandi heilsueflingu og forvarnir á vinnustöðum, byggt á sömu hugmyndafræði og verkefni um Heilsueflandi samfélag og Heilsueflandi leik-, grunn-, og framhaldsskóli. Í samstarfinu felst mótun viðmiða fyrir heilsueflandi vinnustaði sem og upplýsingamiðlun til að tryggja að vinnustaðir hafi góð verkfæri til að skapa heilsueflandi umhverfi. Í kjölfarið verður farið af stað með tilraunaverkefni 10 vinnustaða sem fylgja settum viðmiðum og setja sér mælanleg markmið.

Mikil umræða hefur átt sér stað í samfélaginu vegna líkamlegs og andlegs álags á starfsfólk á vinnumarkaði. Algengustu ástæður nýgengi örorku á Íslandi eru geðraskanir og stoðkerfisvandi. Óhóflegt álag á vinnustöðum er til þess fallið að auka líkur á heilsutjóni af ýmsu tagi og getur leitt til kulnunar í starfi. Það er því áskorun í íslensku samfélagi að sporna við þessu álagi sem verður m.a. gert með því að styrkja stoðir samfélagsins er varða almenna heilsueflingu og forvarnir á vinnustöðum til að freista þess að lækka hlutfall þeirra sem kljást við einkenni sem rekja má til heilsuspillandi álags í starfi og afleiðingar þess.

Þó að margir þættir skapi þær aðstæður sem hafa myndast og ekki verði úr þeim leyst nema með margvíslegum aðgerðum þá er talið einna brýnast að tryggja aðgang stjórnenda að verkfærum og upplýsingum um hvað felst í því að vera heilsueflandi vinnustaður og hvaða leiðir séu sannreyndar til þess að ná heilsueflandi markmiðum á vinnustaði.

Þær stofnanir sem taka þátt í samstarfinu leggja áherslu á að nýta þá þekkingu sem fyrir er til að byggja upp heilsueflingu og forvarnir á vinnustöðum.

Lögbundið hlutverk Embættis landlæknis felur í sér að viðhalda og bæta heilbrigði, líðan og aðstæður þjóðarinnar og þjóðfélagshópa með heilsueflingu, forvörnum og heilbrigðisþjónustu. Í því felst meðal annars að annast forvarna- og heilsueflingarverkefni. Heilsueflandi verkefni Embættis landlæknis hafa gefist vel og mikil fagleg vinna liggur þar að baki sem leidd hefur verið af teymum á sviði áhrifaþátta heilbrigðis. Heilsueflandi samfélag og Heilsueflandi leik-, grunn-, og framhaldsskólar hafa verið í mikilli þróun á undanförunum 10 árum. Leiðbeinandi viðmið um heilsueflandi starf fyrir þessi verkefni eru fyrirliggjandi en mikil vöntun hefur verið á slíkum viðmiðum fyrir vinnustaði. Stjórnendur þurfa að fá skýrar leiðbeiningar um hvað þarf að vera til staðar þegar kemur að heilsueflingu og forvörnum á vinnustöðum.

Vinnueftirlit ríkisins hefur samkvæmt lögum það hlutverk að stuðla að öruggu og heilsusamlegu vinnuumhverfi og hefur undanfarin ár lagt aukna áherslu á andlega og félagslega líðan starfsfólks samhliða öðrum áherslum í starfi sínu. Vinnueftirlitið vill aukið samstarf við atvinnulífið sem miðast að því að efla forvarnir innan vinnustaðanna með það að markmiði að bæta vinnuumhverfið og gera það heilsueflandi. Samstarf umræddra stofnana styrkir slíka forvarnavinnu vinnustaðanna og því brýnt að formgera það til að samnýta þekkingu, krafta og áherslur sem vinnustaðirnir geta nýtt sér.

Lögbundið hlutverk VIRK Starfsendurhæfingarsjóðs er m.a. að veita atvinnurekendum og stjórnendum nauðsynlega fræðslu og stuðning með það að markmiði að stuðla að endurkomu einstaklinga til starfa eða auka möguleika þeirra til þátttöku í atvinnulífinu þrátt fyrir skerta starfsgetu

vegna heilsubreysts í kjölfar veikinda eða slysa. Aukin áhersla VIRK á forvarnir til að fyrirbyggja brottþvarf af vinnumarkaði vegna álagstengdra sjúkdóma er eðlilegt skref nú þegar VIRK hefur verið til staðar í 10 ár og safnast hefur fyrir reynsla og þekking sem getur nýst til forvarna.

## Þróunarverkefni - Heilsueflandi vinnustaðir

### Viljayfirlýsing vegna samstarfs um þróunarverkefni um heilsueflingu og forvarnir á vinnustöðum

Embætti landlæknis kt. 710169-5009, Vinnueftirlit ríkisins kt. 420181-0439 og VIRK Starfsendurhæfingarsjóður kt. 440608-0510 gera með sér svohljóðandi viljayfirlýsingu um samstarf varðandi heilsueflingu og forvarnir á vinnustöðum:

Vinnuheiti samstarfsins er: *Heilsueflandi vinnustaðir*.

#### Tilgangur og markmið

Markmið verkefnisins er að stuðla að betri heilsu og vellíðan vinnandi fólks á vinnustöðum, fyrirbyggja kulnun og minnka brottfall af vinnumarkaði. Samstarfsaðilar búa yfir mannauði og þekkingu sem mun nýtast í verkefnið og munu eiga með sér samstarf með það að markmiði að sérfræðipekking hvers og eins nýtist sem best til að ná settu markmiði.

Til að ná markmiðinu verður litið til erlendra fyrirmýnda í sambærilegum verkefnum sem hafa gefist vel sem og nýttur grunnur að heilsueflingu á vinnustöðum sem þegar er til staðar hér á landi.

Samstarfsaðilar stefna að því að eigi síðar en haustið 2019 verði farið formlega af stað með tilraunaverkefni 10 vinnustaða af mismunandi stærðum og gerðum sem innleiða viðmið heilsueflandi vinnustaða.

#### Samstarf, kostnaður og trúnaður

Samstarfsaðilar munu eiga samstarf og eftir atvikum koma sér saman um verkaskiptingu við vinnu í þágu verkefnisins. Framlag hvers og eins til verkefnisins er í formi vinnuframlags starfsmanna samstarfsaðila. Komi til beinna fjárútláta í tengslum við verkefnið skulu aðilar gera með sér sérstakt samkomulag vegna þeirra áður en greiðslur eru inntar af hendi.

Samstarfsaðilar skulu gæta trúnaðar um þær upplýsingar sem þeir kunna að fá vitneskju um í gegnum samstarfið nema um sé að ræða upplýsingar sem aðrir hafa heimild til að fá vitneskju um eðli málsins samkvæmt.

Samstarfsaðilar skulu við undirritun tilgreina tengilið vegna verkefnisins (viðauki 1) sem ber ábyrgð á framkvæmd þess á vinnustaðnum og kemur fram fyrir hönd viðkomandi samstarfsaðila. Tengiliðir skulu

vera í reglulegu sambandi, fylgjast í sameiningu með framvindu verkefnisins og meta árangur af samstarfinu.

Samstarfsaðilar skulu hafa innbyrðis samráð um kynningu verkefnisins út á við.

### Gildistími

Stefnt er að því að samstarf á grundvelli þessarar viljayfirlýsingar standi í þrjú ár frá undirritun hennar en það skal endurskoðað reglulega á þeim tíma.

*Reykjavík, 21. febrúar 2019*

Viljayfirlýsing þessi er gerð í þremur samhljóða eintökum og heldur hver aðili sínu eintaki. Öllu framangreindu til staðfestu rita aðilar samkomulagsins nöfn sín hér undir.

f.h. Embættis landlæknis

---

Alma Dagbjört Möller

f.h. Vinnueftirlits ríkisins

---

Hanna Sigríður Gunnsteinsdóttir

f.h. VIRK Starfsendurhæfingarsjóðs

---

Vigdís Jónsdóttir

## Viðauki I

Tengiliðir verkefnisins:

Tengill VIRK - Starfsendurhæfingarsjóðs

Nafn: Ingibjörg Loftsdóttir

Farsími: 864-0981

Vinnusími: 535-5700

Netfang: [ingibjorgl@virk.is](mailto:ingibjorgl@virk.is)

Tengill Embættis landlæknis

Nafn: Sigríður Kristín Hrafnkelsdóttir

Farsími: 863-3631

Vinnusími: 510-1900

Netfang: [sh@landlaeknir.is](mailto:sh@landlaeknir.is)

Tengill Vinnueftirlits ríkisins

Nafn: Jóhann Friðrik Friðriksson

Farsími: 858-5708

Vinnusími: 550-4600

Netfang: [johann@ver.is](mailto:johann@ver.is)